# Umboðsmaður Alþingis

**00 610**

# Ársreikningur 2025

**Efnisyfirlit**


| | Bls. |
|---|---|
| Áritun endurskoðanda | 2 |
| Skýrsla og áritun stjórnenda | 3 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 4 |
| Efnahagsreikningur | 5 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Fylgiskjal með ársreikningi | 7 |
| Skýringar | 8 - 12 |

# ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til forseta Alþingis

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, yfirlit um afkomu ársins, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu embættis umboðsmanns Alþingis á árinu 2025, efnahag 31.desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög sem um embættið gilda.

## Grundvöllur fyrir áliti

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháðir embætti umboðsmanns Alþingis í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur skrifstofu umboðsmanns Alþingis eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið endurskoðanda er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit endurskoðandans. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla fyrir opinbera aðila muni uppgötva allar verulegar skekkjur, séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni.

Stjórnendur embættis umboðsmanns Alþingis eru upplýstir um áætlað umfang endurskoðunarinnar og um mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Kópavogi 20. apríl 2026.

AT-Ráðgjöf ehf.

Árni Tómasson, endurskoðandi.

## Skýrsla og áritun stjórnenda

Umboðsmaður Alþingis er ríkisaðili í A1-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli sérlaga. Hlutverk embættisins samkvæmt lögum er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 01 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.
Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er að finna á bls. 7.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 387,7 milljónir og afkoma kr. 0,9 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 48,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 100,4 milljónir.
Ársverk hjá skrifstofu umboðsmanns Alþingis á árinu 2025 voru 17,8. Heildarlaunakostnaður að viðbættum launatengdum gjöldum nam kr. 317,9 milljónum.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur. Ekki hafa ekki komið upp tilvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka eins og skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.
Öll útgjöld og fjármálalegar ráðstafanir hafa verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir á eignum.
Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og ennfremur teljum við lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á eignum eru viðeigandi.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áfallnar og skilyrtar, þar á meðal ábyrgðir sem veittar hafa verið vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningar, skaðabótakröfur, málaferli og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjarhagsstöðu embættisins.
Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu í lok árs.

Það er álit okkar að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu skrifstofu umboðsmanns Alþingis í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður og rekstrarstjóri staðfesta hér með ársreikning embættis umboðsmanns Alþingis fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2026.

Kristín Benediktsdóttir
Kristín Benediktsdóttir
Umboðsmaður Alþingis

Kolbrún Bjarnadóttir
Kolbrún Bjarnadóttir
Rekstrarstjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs | 2 | 380.600.000 | 370.200.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 2 | 7.116.673 | 4.137.532 |
| **Tekjur samtals** | | 387.716.673 | 374.337.532 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 3 | 320.964.392 | 316.466.459 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 58.703.004 | 53.617.999 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | 1.521 | 0 |
| Afskriftir og niðurfærslur | 5 | 7.116.673 | 4.137.532 |
| **Gjöld samtals** | | 386.785.590 | 374.221.990 |
| **Afkoma ársins** | | 931.083 | 115.542 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Handbært fé | | 0 | 0 |
| Viðskiptakröfur við tengda aðila | 7 | 76.803.331 | 77.269.227 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 6 | 23.610.618 | 28.089.896 |
| **Eignir samtals** | | 100.413.949 | 105.359.123 |

## Skuldir og eigið fé

| | Skýr | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir við tengda aðila | 7 | 1.108.931 | 910.628 |
| Aðrar skuldir | 9 | 30.759.815 | 35.217.702 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | Bls 7 | 20.505.443 | 22.122.116 |
| **Skuldir samtals** | | 52.374.189 | 58.250.446 |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hrein eign | | 48.039.760 | 47.108.677 |
| **Eigið fé samtals** | | 48.039.760 | 47.108.677 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 100.413.949 | 105.359.123 |

**Aðrar upplýsingar** 10

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

# Sjóðstreymisyfirlit ársins

| | Skýr | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 931.083 | 115.542 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir og aflagðar eignir | 5 | 7.116.673 | 4.137.532 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | (7.116.673) | (4.137.532) |
| | | 931.083 | 115.542 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Viðskiptakröfur við tengda aðila | | 465.896 | 8.630.178 |
| Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 0 | 71.735 |
| Skammtímaskuldir að frádreginni frestun tekjufærslu | | (4.259.584) | (384.419) |
| | | (3.793.688) | 8.317.494 |
| **Handbært fé frá rekstri/(til rekstrar)** | | (2.862.605) | 8.433.036 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (2.637.395) | (16.505.938) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | 0 | 150.000 |
| | | (2.637.395) | (16.355.938) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Fjárfestingarframlag | 2 | 5.500.000 | 5.400.000 |
| | | 5.500.000 | 5.400.000 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | (2.522.902) |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 2.522.902 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Samtals |
|---|---|---|---|
| Samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum 2025 | 380.600.000 | 5.500.000 | 386.100.000 |
| Aðrar breytingar fjárheimilda; | 0 | 0 | 0 |
| **Fjárveiting ársins** | 380.600.000 | 5.500.000 | 386.100.000 |
| Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024 (umframráðstafað) | 47.108.677 | (5.967.708) | 41.140.969 |
| **Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu** | 427.708.677 | (467.708) | 427.240.969 |
| Ráðstöfun fjárveitinga á árinu til rekstrar/til fjárfestinga | (379.668.917) | (2.637.395) | (382.306.312) |
| Staða fjárveitinga í lok árs 2024 (umframráðstafað) | 48.039.760 | (3.105.103) | 44.934.657 |

| | 2025 | 2024 | 2023 |
|---|---|---|---|
| Hlutfall afkomu af heildarfjárveitingu | 0,2% | 0,0% | 2,7% |
| Hlutfall uppsafnaðrar afkomu af heildarfjárveitingu | 12,6% | 12,7% | 13,0% |

### Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignanna í formi afskrifta. Til mótvægis við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna er færður skuldaliður, Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga. Endurspeglar þessi skuldaliður uppsafnaða fjármögnun ríkisins til fjárfestinga stofnunarinnar, að frádreginni áætlaðri rýrnun eignanna.

Skuldaliður þessi færist til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða fellur niður við sölu þeirra, nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

Hér fer á eftir yfirlit um Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga, stöðu í árslok og breytingar á árinu:

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna eftirstöðva fjárveitinga til fjárfestinga | 23.610.618 | 28.089.896 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga) | (3.105.175) | (5.967.780) |
| Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga | 20.505.443 | 22.122.116 |

| | Uppsöfnuð fjárfesting að frádreginni rýrnun | Ónotuð(ofnýtt) fjárveiting | Samtals frestun tekjufærslu |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2025 | 28.089.896 | (5.967.780) | 22.122.116 |
| Fjárveiting ársins til fjárfestinga skv. fjárlögum | 0 | 5.500.000 | 5.500.000 |
| Bókfært verð seldra eigna/söluverð seldra eigna | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 2.637.395 | (2.637.395) | 0 |
| Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna | (7.116.673) | 0 | (7.116.673) |
| | 23.610.618 | (3.105.175) | 20.505.443 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál nr. 123/2015, en samkvæmt þeim gilda lög um ársreikninga nr. 3/2006. Auk þess er tekið mið af ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs, sem skipað er í samræmi við ákvæði 63. gr. laga um opinber fjármál, ákvæða í IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/2019 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við skráningu viðskipta er stuðst við kostnaðarverðsreglu. Um mat á virði eigna, skulda, tekna og gjalda gilda viðeigandi lagafyrirmæli og almennar reikningsskilareglur. Raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstöða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.
Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Rekstrargjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað, en vaxtagjöld þegar þau falla til.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Ef eignar er aflað á verði sem víkur verulega frá gangvirði, er viðkomandi eign færð við gangvirði í efnahagsreikningi og mismunurinn til tekna eða gjalda í yfirliti um afkomu.
Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður ........................................................................ | 3-10 ár |
| Aðrar eignir ....................................................................................... | óafskrifað |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.
Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Hagnaður eða tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.
Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## Skýringar, frh.

### Skuldir

Skuldir aðrar en frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Um frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda er vísað til skýringar nr. 11.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

### Samanburðarfjárhæðir

Samanburðarfjárhæðir eru sýndar á verðlagi þess tíma sem þær féllu til og ber að hafa það í huga við samanburð fjárhæða milli ára. Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Sundurliðanir og skýringar

**2 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Heildarfjárveiting á fjárlögum og fjáraukalögum | 386.100.000 | 375.600.000 |
| Fjárveiting til fjárfestinga, færð á frestaðar tekjur sjá skýringu nr. 11 | (5.500.000) | (5.400.000) |
| Tekjufærsla fjárveitinga til rekstrar | 380.600.000 | 370.200.000 |
| Reiknuð tekjufærsla frestaðra tekna | 7.116.673 | 4.137.532 |
| | 387.716.673 | 374.337.532 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og uppsafnaða stöðu í árslok:**

| | Fjárveiting til rekstrar | Fjárveiting til fjárfestinga | Fjárveiting samtals |
|---|---|---|---|
| Fjárveiting ársins samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum | 380.600.000 | 5.500.000 | 386.100.000 |
| Uppsöfnuð staða fjárveitinga í upphafi árs (umframráðstafað) | 47.108.677 | (5.967.780) | 41.140.897 |
| Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu | 427.708.677 | (467.780) | 427.240.897 |
| Ráðstöfun fjárveitinga á árinu til rekstrar/til fjárfestinga | (379.668.917) | (2.637.395) | (382.306.312) |
| Uppsöfnuð staða fjárveitinga í lok árs/(umframráðstafað) | 48.039.760 | (3.105.175) | 44.934.585 |

Engar rekstrartilfærslur eða fjármagnstilfærslur áttu sér stað á árinu.

**3 Laun og launatengd gjöld**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Laun | 259.189.785 | 262.630.212 |
| Orlof, breyting | 91.100 | (8.079.852) |
| Launatengd gjöld | 58.610.558 | 58.984.561 |
| Starfsmannakostnaður | 3.072.949 | 2.931.538 |
| | 320.964.392 | 316.466.459 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 17,8 | 17,6 |

**4 Annar rekstrarkostnaður**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **Húsnæðiskostnaður** | | |
| Viðhald, aðkeypt vinna og efni | 1.538.553 | 1.430.000 |
| Leigugjöld | 1.995.399 | 1.531.290 |
| Fasteignagjöld | 5.960.846 | 5.795.278 |
| Öryggisgæsla | 2.944.216 | 2.768.982 |
| Rafmagn og hiti | 1.332.432 | 1.459.388 |
| Ræsting og hreinlætisvörur | 265.661 | 728.614 |
| Tryggingar | 278.716 | 234.000 |
| Aðrar rekstrarvörur | 688.438 | 275.001 |
| | 15.004.261 | 14.222.553 |
| **Skrifstofukostnaður** | | |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta | 12.030.331 | 8.702.016 |
| Önnur aðkeypt þjónusta | 1.692.976 | 3.232.816 |
| Hugbúnaður og rekstur upplýsingakerfa | 11.238.536 | 9.027.547 |
| Viðhald og endurnýjun áhalda og búnaðar | 1.395.752 | 1.391.837 |
| Símakostnaður og afnotagjöld | 2.305.165 | 2.738.642 |
| Áskriftir, fræðibækur, ritföng og rekstrarvörur | 4.432.407 | 3.679.106 |
| Auglýsingar, útgáfa og kynningarstarfsemi | 750.362 | 1.153.963 |
| Ferðakostnaður | 1.470.482 | 2.021.719 |
| Fundir, ráðstefnur og námskeið/(endurgreitt) | 227.600 | 426.185 |
| Aðkeyptur akstur | 862.425 | 572.371 |
| Fæðiskostnaður | 4.869.946 | 4.320.988 |
| Móttaka gesta og gjafir | 1.060.339 | 391.604 |
| Pósburðargjöld | 163.962 | 751.409 |
| Þvottur, grímur og sorphreinsun | 725.635 | 780.372 |
| Annar skrifstofukostnaður | 472.825 | 204.871 |
| | 43.698.743 | 39.395.446 |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 58.703.004 | 53.617.999 |

## Sundurliðanir og skýringar, frh.

**5 Afskriftir og niðurfærslur**

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Áhöld, tæki og búnaður | 5.524.912 | 3.780.867 |
| Sölutap og úreltar eignir | 1.591.761 | 356.665 |
| | 7.116.673 | 4.137.532 |

**6 Varanlegir rekstrarfjármunir**

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 22.730.618 | 27.209.896 |
| Aðrar eignir | 880.000 | 880.000 |
| | 23.610.618 | 28.089.896 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

| | Áhöld, tæki og búnaður | Aðrar eignir | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2025 | 50.819.453 | 909.800 | 51.729.253 |
| Viðbætur á árinu | 2.637.395 | 0 | 2.637.395 |
| Selt/úrelt á árinu | (12.907.088) | 0 | (12.907.088) |
| | 40.549.760 | 909.800 | 41.459.560 |
| Uppsafnaðar afskriftir 1.1.2025 | 23.609.557 | 29.800 | 23.639.357 |
| Afskrift ársins | 5.524.912 | 0 | 5.524.912 |
| Selt/úrelt á árinu | (11.315.327) | 0 | (11.315.327) |
| | 17.819.142 | 29.800 | 17.848.942 |
| Staða 31.12.2025 | 22.730.618 | 880.000 | 23.610.618 |

**7 Tengdir aðilar**

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

| Kröfur á tengda aðila greinast þannig: | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 76.798.209 | 77.264.105 |
| Kröfur á tengda aðila | 5.122 | 5.122 |
| | 76.803.331 | 77.269.227 |
| Skuldir við tengda aðila greinast þannig: | | |
| Viðskiptaskuldir við tengda aðila | 1.108.931 | 910.628 |
| | 1.108.931 | 910.628 |

**8 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| **Hrein eign** | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 47.108.677 | 46.993.135 |
| Afkoma ársins | 931.083 | 115.542 |
| Jöfnuður 31.12. | 48.039.760 | 47.108.677 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eigin fjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur. Er þar byggt á reglum 30. gr. laga um opinber fjármál og að höfðu samráði við viðkomandi fagráðuneyti og stofnun. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Sundurliðanir og skýringar, frh.

| 9 Aðrar skuldir | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Áfallið ógreitt orlof | 24.531.485 | 24.440.385 |
| Viðskiptaskuldir | 6.228.330 | 10.777.317 |
| | 30.759.815 | 35.217.702 |

**10 Aðrar upplýsingar**

*Húsnæði*

Samkvæmt ákvörðun Alþingis hefur umboðsmaður Alþingis afnot af húsnæðinu Templarasund 5, Reykjavík vegna starfsemi sinnar án sérstaks endurgjalds, en aðilar skipta með sér rekstrarkostnaði tengdum húsnæðinu á grundvelli sérstaks samkomulags. Hlutur embættis umboðsmanns Alþingis í rekstrarkostnaði húsnæðis á árinu 2025 nam 15.0 milljónum króna.

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa, um öryggismál og um ýmsan rekstur tengdan húsnæði embættisins. Samningarnir eru ótímabundnir með almennum uppsagnarákvæðum. Árlegar greiðslur vegna framangreindra þjónustusamninga nema um 13.2 milljónum króna.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2025.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

*Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir, eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.
Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

*Lífeyriskuldbindingar*

Á grundvelli samkomulags ríkisins og aðila á opinberum vinnumarkaði frá árinu 2016 um breytta skipan lífeyrismála bera einstakar A-hlutastofnanir og embætti ríkisins ekki ábyrgð á tryggingafræðilegum skuldbindingum A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), heldur er sú ábyrgð hjá ríkissjóði í heild og færð þannig í ríkisreikningi.
Með lögum nr. 1/1997 um LSR ábyrgist ríkissjóður skv. 32. gr. greiðslu lífeyris og ber þannig ábyrgð á B hluta lífeyrisskuldbindinga.
Með vísan til þessa eru lífeyrisskuldbindingar ekki færðar upp í ársreikningi embættis Umboðsmanns Alþingis.

*Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á frjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.